

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Ársskýrsla 2021

Inngangur

Í þessari ársskýrslu verður farið yfir helstu þætti í starfi Verzlunarskóla Íslands árið 2021. Stiklað verður á því helsta í skólastarfinu á vorönn 2021 og haustönn 2021. Ársskýrslan er frábrugðin öðrum skýrslum skólastarfsins þar sem hún nær yfir almanaksárið og þar með eru til umfjöllunar tvær annir á sitt hvoru skólaárinu auk sumarannar fjarnámsins. Í ársskýrslunni verður vísað í aðrar skýrslur skólans til frekari skoðunar á einstaka þáttum.

Rekstrarform Verzlunarskóla Íslands

Verzlunarskóli Íslands starfar eftir [skipulagsskrá](#) fyrir Sjálfseignarstofnunina Verzlunarskóli Íslands ses. Í skipulagsskránni segir m.a.: „*Markmið stofnunarinnar er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum með því að efla almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi.*“

Skólinn er með þjónustusamning við mennta- og barnamálaráðuneytið varðandi kennslu á framhaldsskólastigi. Gildandi [þjónustusamningur](#) var fyrst undirritaður í desember árið 2012 og hefur síðan þá verið framlengdur fimm sinnum, nú síðast í lok árs 2021 og rennur sá [viðauki](#) út í júní 2022. Vinna er hafin við gerð á nýjum þjónustusamningi sem væri þá heildarsamningur milli aðila og tæki við af núverandi þjónustusamningi og [skólasamningi](#) sem er í gildi á milli skólans og ráðuneytis menntamála.

Bakhjarlar skólans eru Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins ásamt Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja og Samtökum verslunar og þjónustu. Bakhjarlarnir skipa 9 manna fulltrúaráð sem svo aftur skipar 5 manna skólanefnd.

Fulltrúaráð skólans

- Ásdís Kristjánsdóttir
- Hannes Frímann Hrólffson
- Helga Árnadóttir
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir
- Ingunn Agnes Kro, formaður
- Jóhannes Stefánsson
- Margrét Sanders
- Steinn Logi Björnsson
- Svanhildur Hólm Valsdóttir

Skólanefnd skólans


- Bryndís Hrafnkelsdóttir, formaður
- Helgi Jóhannesson, varaformaður (hætti í skólanefnd í nóvember 2021)
- Andri Þór Guðmundsson
- Hannes Frímann Hrólffson
- Sigríður Margrét Oddsdóttir

Ásta Henriksen þróunarstjóri og enskukennari situr í skólanefnd sem áheyrnarfulltrúi kennara.

Skipurit skólans

Í maí 2021 var tilkynnt um ráðningu á nýjum skólastjóra, Guðrúnu Ingu Sívertsen. Tók hún formlega við starfinu 1. ágúst sama ár. Ingi Ólafsson fráfarandi skólastjóri starfaði með nýjum skólastjóra til loka árs 2021.

Á sama tíma og Guðrún Inga tók við starfi skólastjóra tók Þorkell H. Diego við starfi aðstoðarskólastjóra. Skipurit skólans tók breytingum við skólastjóraskiptin og var nýtt skipurit formlega samþykkt í skólanefnd 6. október 2021.



Starfsfólk Verzlunarskóla Íslands

Stjórnendur skólans árið 2021

- Ingi Ólafsson skólastjóri
- Guðrún Inga Sívertsen skólastjóri frá 1. ágúst, áður starfsmanna- og þróunarstjóri
- Þorkell H. Diego aðstoðarskólastjóri frá 1. ágúst, áður yfirkennari
- Sigurlaug Kristmannsdóttir kennslustjóri fjarnáms frá 6. október, áður fjarnámsstjóri
- Klara Hjálmtýsdóttir áfangastjóri, í leyfi frá 1. mars 2021

Allir starfsmenn skólans í lok árs 2021.



Húsnæði skólans

Skólinn er í eigin húsnæði við Ofanleiti 1 í Reykjavík og er húsnæðið um 10.750 m².

Kennslurýmið skiptist þannig:

- 43 kennslustofur
- 3 fyrirlestrasalir
- 3 tölvustofur, hver með 28 tölvum
- 4 tölvuver, hvert með 15 tölvum
- 3 raungreinastofur, ein fyrir líffræði, önnur fyrir efnafræði og sú þriðja fyrir eðlisfræði. Lögð er áhersla á að útbúa stofurnar með öllum nauðsynlegum búnaði
- Stafræn tækjastofa með þrívíddarprenturum, vínylskera og leiserskera.
- Kennslustofa sjónlistagreina
- 2 fjölnotastofur; töflustofa og framtíðarstofa 2 íþróttasalir, þreksalur og stór salur
- bókasafn, sem er 350 m². Safnið er mjög vel búið af bókakosti og annarri aðstöðu til lestrar og gagnaöflunar. Að auki er lessalur með 30 lesbásum.

Endurbætur hafa verið gerðar á aðstöðu nemenda og starfsmanna á liðnum árum. Áfram verður unnið að því að endurnýja húsgögn og bæta aðstöðu í skólanum í samræmi við fjölbreytilega kennsluhætti og annað þróunarstarf innan skólans.

Undirbúningsvinna hefur átt sér stað allt árið 2021 vegna fyrirhugaðra endurbóta á ytra byrði húsnæðisins. Arkitektarstofan Yrki hefur annast hönnun og gerð útboðsgagna. Stefnt er að því að skipta um alla glugga í eldri byggingu skólans og endursteina húsið sjálft. Horft er til að framkvæmdir hefjist sumarið 2022 og þeim ljúki haustið 2023. Einnig er stefnt að því að endurgera lóð skólans að hluta, koma fyrir hjólaskýli, auka aðgengi fatlaðra og búa til útisvæði sem nýtist nemendum og starfsfólki skólans.

Gæðamál

Við skólann starfar gæðateymi sem skipað er 7 starfsmönnum. Verkefnastjóri gæðamála stýrir vinnu teymisins og kemur hann úr röðum kennara. Gæðateymið hefur umsjón með könnunum sem framkvæmdar eru innan sem utan skólans, vinnur úr niðurstöðum þeirra og kemur með hugmyndir til úrbóta. [Sjálfsmatsskýrsla](#) skólans gerir ítarlega grein fyrir störfum gæðateymisins.

Námsframboð skólans

Verzlunarskóli Íslands var stofnaður árið 1905 og er því meðal elstu skóla landsins. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvíanna saman hagnýtar viðskiptagreinar og annað bóklegt nám.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945. Flestir nemendur skólans stefna nú að frekara námi á háskólastigi að loknu stúdentsprófi. Hin síðari ár hefur Verzlunarskólinn lagt aukna áherslu á stærðfræði og raungreinar enda hafa æ fleiri nemendur skólans farið í framhaldsnám í verkfræði og skyldum greinum.

Verzlunarskólinn er menntaskóli fyrir nemendur sem hafa lokið grunnskólaprófi og er opinn nemendum alls staðar að af landinu. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi námsbrauta, sem leiða til stúdentsprófs. Hægt er að stunda námið hvort heldur sem er í dagskóla eða fjarnámi.

Frá og með haustinu 2015 var tekið upp nýtt skipulag við skólann þar sem námstími til stúdentsprófs var stytur um eitt ár og nemendur ljúka því stúdentsprófi á þremur árum. Námið er þrískipt og geta nemendur valið um fjórar mismunandi brautir.


Uppbygging allra brauta er eins:

- sameiginlegur kjarni – 97 einingar
 - hér er um að ræða alla þá áfanga sem eru sameiginlegir öllum brautum.
- brautarkjarni – 60 einingar
 - hér er um að ræða 12 fimm eininga áfanga sem einkenna hverja braut fyrir sig.
- pakkar og val – 50 einingar
 - þessi partur samanstendur af sex áföngum, fimm einingar hver, og fjórum valáföngum. Tveir af valáföngunum eru í bundnu vali og geta nemendur valið tvo af fjórum til fimm áföngum til að búa sig enn frekar undir nám tengt brautarvalinu og síðan eru tveir áfangar í frjálsum vali.

Frá hausti 2021 hefur nemendum boðist að velja um 4 brautir sem sumar skiptast í ólíkar línur. Það eru alþjóðabraut, nýsköpunar- og listabraut, náttúrufræðibraut líffræðilína, náttúrufræðibraut eðlisfræðilína, viðskiptabraut starfræn viðskiptalína, viðskiptabraut hagfræðilína og viðskiptabraut viðskiptalína.

Bókasafn


Á bókasafni skólans eru þrír starfsmenn, bókasafnstjóri, bókasafns- og upplýsingafræðingur og bókaforður. Bókasafnið er upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk Verzlunarskóla Íslands. Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafnið veitir nútímalega, fjölþætta og persónulega þjónustu og styður við nám og kennslu við skólann. Þjónusta við notendur felst einkum í faglegri upplýsingaþjónustu, útlánum, leiðbeiningum og kennslu við heimildaleit og heimildaskráningu og margs konar námsaðstoð. Notkun safnsins er mikil, sem er verulega ánægjulegt. Á árinu 2021 voru samtals 11.332 tölvuskráð útlán á safninu, 10.083 til nemenda og 1.249 til starfsfólks. Það er afar ánægjulegt að sjá hversu háar útlánatölurnar eru þrátt fyrir fjöldatakmörkin vegna COVID-19. Eins og sjá má á stöplaritinu var töluvert minna um útlán fyrstu mánuði ársins vegna fjöldatakmörkana en þá fengu aðeins 30 einstaklingar að vera á safninu hverju sinni. Bókasafnstjóri er Klara Hauksdóttir.




Nemendur

Haustið 2021 voru 1053 nemendur í staðnámi við skólann. Á alþjóðabraut voru 80 nemendur, 79 voru á nýsköpunar- og listabraut, 433 á viðskiptabraut og 461 á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda í fjarnámi er tilgreindur hér á eftir í sér kafla. Vorið 2021 var í fyrsta skipti tekið inn í skólann eftir nýjum viðmiðum sem lutu að jöfnun kynjahlutfalla. Haustið 2021 voru því kynjahlutföll nemenda á 1. ári 60% stúlkur og 40% drengir.


Hér má sjá mynd sem sýnir samsetningu nemendahópsins í vetur ef horft er til tveggja algengustu kynjanna. Í skólanum haustið 2021 voru drengir 36% og stúlkur 64%.



Alls sóttu 538 nemendur um Verzlunarskólann sem val númer 1 vorið 2021 samanborið við 522 vorið á undan. 364 nemendur voru innritaðir og má sjá hér mynd sem sýnir hlutfall umsókna og innritaðra á hverja braut.




Kynjahlutföll nýnema sem hófu nám haustið 2021 má sjá hér. Stúlkur eru 218 eða 60% og drengir 146 eða 40%.




Innritun

Eins og áður hefur komið fram voru 364 nemendur innritaðir í skólann haustið 2021. Nemendur koma alls staðar af landinu en hér má sjá fjölmennustu hópana.



Nemendahópurinn sem hóf nám haustið 2021 samanstendur af sterkum námsmönnum ef horft er til námsmats þeirra úr grunnskóla. Alls voru 25% nýnema innritaðir í skólann með A í öllum greinum úr grunnskóla eða 24 stig. 73% nýnema var með 23 stig eða hærra.



Ársreikningur 2021

Rekstur skólans gekk vel árið 2021 en framlag ríkisins til skólans hélst þó ekki í hendur við launa- og verðlagshækkanir ársins. Sú breyta veldur því að rekstrarafkoma skólans minnkar verulega á milli áráanna 2020 og 2021. Framlag ríkisins hækkaði einungis um 1,9% meðan launaliður ársins hækkaði um 7,4%. Launaliður skólans árið 2021 er tæp 94% af fjárframlagi ríkisins.

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|--|------|----------------------|----------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Framlag Ríkissjóðs | | 1.624.758.960 | 1.594.258.108 |
| Skólagjöld | | 252.829.525 | 226.282.620 |
| Leigutekjur | | 280.000 | 1.173.200 |
| Aðrar tekjur | | 29.113.861 | 16.679.068 |
| | | <u>1.906.982.346</u> | <u>1.838.392.996</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 1.525.752.410 | 1.420.651.132 |
| Húsaleiga | 5 | 242.000.000 | 235.000.000 |
| Rekstur húsnæðis | | 27.588.132 | 23.145.894 |
| Viðhald og rekstur áhalda og búnaðar | | 29.843.462 | 25.964.633 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 54.627.769 | 56.429.584 |
| Afskriftir | 2 | 25.554.171 | 25.068.355 |
| | | <u>1.905.365.944</u> | <u>1.786.259.599</u> |
| Rekstrarafkoma | | 1.616.402 | 52.133.397 |

Nemendapjónusta

Í nemendapjónustunni starfa þrjú náms- og starfsráðgjafar í 2,5 stöðugildum og eru þeir hagsmunaaðilar nemenda og talsmenn innan skólans. Haustið 2020 bættist við deildina góður liðsauki þegar til starfa kom sálfræðingur við skólann í 50% starf.

Náms- og starfsráðgjafar skipta með sér árgöngunum og fylgja þeim frá fyrsta degi til útskriftar. Verkefni deildarinnar eru fjölbreytt en snúa þó flest að því að aðstoða nemendur í námi eða persónulegum málum. Samvinna við annað fagfólk, tilvísunaraðila, foreldra, skólastjórnendur og kennara/sérkennara sem heldur utan um erlenda nemendur, er mikilvægur þáttur í starfi deildarinnar. Sátu námsráðgjafar vikulega fundi með samráðsteymi sem saman stendur af þeim, Guðrúnu Ingu, skólastjóra og Þorkeli, aðstoðarskólastjóra. Náms- og starfsráðgjafar eru tilvísunaraðilar á sálfræðinginn sem býður nemendum skólans upp á stöðumat og stuðningsviðtöl. Ef meðferðar er þörf vísar sálfræðingur nemendum í önnur úrræði.

Forvarnir tilheyra starfi nemendapjónustunnar og hefur megináherslan verið sú að draga úr áfengisneyslu nemenda á dansleikjum og öðrum skemmtunum á vegum skólans. Nemendur á 1. ári blása í áfengismæli á dansleikjum og eldri nemendum stendur það einnig til boða. Nemendur, sem blása, fara í svokallaðan edrúpott sem dregið er úr eftir hvern dansleik og fjölgar sífellt þeim sem kjósa að blása. Ákveðið var að nálgast forvarnarmál með heildrænni nálgun og því var búin til Lýðheilsustefna Verzlunarskóla Íslands sem er nálgun á heilbrigði í víðum skilningi. Í stefnunni eru þættir sem eru taldir mikilvægir til að stuðla að aukinni vellíðan og árangur nemenda og starfsfólks skólans. Þessir þættir eru geðrækt, hreyfing, áfengis- og vímuefni, samskipti, næring og jafnrétti. Skólinn er einnig þátttakandi í Heilsueflandi framhaldsskóli.



Gleði- og forvarnardagurinn er árlegur viðburður en féll niður árið 2021 vegna samkomutakmarkana. Áfram var unnið með hópefli og samstöðu í bekkjum og var farið inn í alla bekki á 1. ári með leiki og bekkjarvinnu. Umsjónarkennarar voru með að þessu sinni sem var skemmtilegt. Námsráðgjafar áttu líka í góðu samstarfi við umsjónarkennara sem voru duglegir að láta vita ef þeir fundu fyrir að bekkir voru ekki að blandast vel og var reynt að grípa inn í með alls konar hópeflisvinnu.

Náms- og starfsráðgjafar sáu um skólakynningar fyrir 10. bekkina og undirbjuggu opið hús m.t.t. þeirra samkomutakmarkana sem voru í mars 2021. Grunnskólanemendum var boðið í heimsókn og þurftu þeir að skrá sig fyrir fram og farið var með litla hópa í „lestum“ um húsið ásamt því að skólastjórar kynntu skólann í Bláa sal. Nemendafélagið var svo á staðnum og

kynnti sitt frábæra starf og sýndu brot úr nemendasýningu í íþróttahúsinu sem þá var orðið að leikhúsi.

Alþjóðastarf

Alþjóðastarf skólans var öflugt og skemmtilegt þennan vetur og af mörgu að taka. Án efa eru það stærstu tíðindin að í lok árs 2021 lét Bertha Sigurðardóttir af störfum, eftir margra ára kröftugt uppbyggingarstarf og Ármann Halldórsson tók við keflinu – eftir að hafa starfað með Berthu síðan um haustið 2020. Þessi ár hafa einkennst af miklum frestunum og óróa vegna faraldursins, sem hefur skapað töluvert álag.

Öllum verkefnum og fundum sem fjallað verður um hér hefur verið frestað vegna faraldursins og þannig hafa viðburðir sem áttu að dreifast yfir lengri tíma safnast saman á stuttan tíma og má eiginlega segja að vorönn 2022 sé einskona óróapúls í alþjóðasamstarfinu, því slíkur fjöldi móttaka og ferða á einni önn hefur að líkindum aldrei sést. Hér verður fjallað um verkefni og viðburði í þeim þannig að tímasetning viðburða ræður röðinni sem fjallað er um verkefni.

Styrkur til að senda 12 kennara á námskeið virkjaðist og í júlí fóru Berglind Helga Sigurþórsdóttir og Ingunn Björg Arnardóttir á námskeið á Tenerife um neteinelti. Í nóvember fóru Guðrún Rannveig Stefánsdóttir og Pálína Sigurbjört Magnúsdóttir á námskeið um fjölmennningarleg samskipti í skólastofunni í Bologna. Þær sögðu allar frá námskeiðunum á kennarafundi og var ánægja með þessa endurmenntun



Í ágúst var haldinn lokafundur í TIE verkefninu í Berlín, en þangað fóru Bertha og Hallur Örn Jónsson til að enda það flotta verkefni en viðfangsefni þess voru samskipti á netinu og að



gera nemendur að stafrænum borgurum. Þessi fundur var án nemenda og hafði verið margfrestað vegna faraldursins.

Svipuð máli gegndi um loka fundinn Swim í ágúst. Þá sóttu nemendur og kennarar frá Búlgaríu, Króatíu og Ungverjalandi okkur heim í stuttan fund. Íslenskir nemendur í verkefninu útskrifuðust 2020 svo þátttaka þeirra var takmörkuð en þó komu nokkrir flottir fulltrúar og tóku þátt í félagslegum hluta starfsins. Þrátt fyrir ansi þröngar aðstæður vegna

takmarkana tengdum faraldrinum tókst þessi fundur vel.

Í september sóttu svo Bertha, Hallur og Ármann eyjuna Kos heim til að sitja undirbúningsfundi verkefninu DCES, sem er „nýtt“ verkefni sem hefur verið frestað um heilt ár. Viðfangsefnið eru stafræn færni og öryggismál á netinu, neteinelti, stafrænt fótspor

o.s.frv. Nemendurnir sem taka þátt í verkefninu eru 2-A. Þátttökulönd eru Grikkland, Ítalía, Pólland, Slóvakía og Svíþjóð. Í nóvember héldu svo Hallur og Ingunn til Póllands á fund í Grojec með fjóra nemendur en það var fyrsta ferðin með nemendur út síðan að faraldurinn skall á.

Í október var svo fundur í Reykjavík í verkefninu Edu4u. Þar komu nemendur og kennarar frá Portúgal, Slóveníu og Tékklandi. Kennararnir í verkefninu eru Óli Njáll Ingólfsson, Gísli Örn Bragason og Berglind Helga. Þetta verkefni fjallar um fjölbreyttar kennsluaðferðir og nemendur úr 3-A taka þátt fyrir okkar hönd. Þessi fundur gekk líka vel þrátt fyrir áskoranir tengdar faraldri og öðru en stúlka úr portúgalska hópnum fékk botnlangakast og þurfti að eyða öllum sínum tíma á Íslandi á spítala – kom sér þá vel hversu fljótt við kunnum að bregðast við og hvað við eigum flott heilbrigðiskerfi. Síðustu fundir í þessu verkefni verða svo í Póllandi í mars og Portúgal í apríl.

Í nóvember fóru svo Guðrún Rannveig og Pálína á fund til Helsinki í verkefninu Företagsamhet, en þar hittast nemendur á viðskiptabraut til að fjalla um ýmis mál tengd frumkvöðlastarfi. Þetta er verkefni sem hefur verið í gangi um árabíl með tveimur finnskum og einum sænskum skóla. Í mars er svo fundur í Reykjavík og í apríl er haldið til Stokkhólms. Sótt var um styrk til Nordplus til að halda þessu verkefni áfram á næsta ári.

Í nóvember fóru líka Martin Kolmar og Þorgerður Aðalgeirsdóttir með hóp nemenda á fund í Hamborg í þýskuverkefni sem fjallar um borgir og skipulag þeirra. Þau munu taka á móti hóp frá þýska skólanum í mars.

Verzlunarskólinn hlaut haustið 2020 viðurkenningu Erasmus sem „Accredited“ skóli. Þetta breytir stöðu okkar gagnvart umsóknum og færir okkur á vissan hátt aukið vald yfir starfi okkar á þessu sviði en gerir jafnframt ákveðnar kröfur. Ný umsókn sem var skilað inn í febrúar byggir á því að hefja eitt meðalstórt verkefni og 4-5 minni verkefni. Eru inni í því eitt verkefni tengt hverju þriðja máli.

Ónefnt er enn að NGK verkefnið, bekkurinn sem tekur stúdentspróf í fjórum löndum er líka viðfangsefni alþjóðasamstarfsins. Í október var fundur um málefni hans í Gribskov, og fór þangað kennarahópur bekkjarins, ásamt alþjóðafulltrúum. Ný tengsl hafa myndast milli bekkjarins og annars alþjóðastarfs með því að nú hljóta danskir og grænlenkir nemendur



styrki frá Erasmus, og hefur verið sótt um slíka langtímastyrki fyrir íslenska nemendur á næstu árum en þessir styrkir gera það mun auðveldara fjárhagslega að vera með í þessu námi. Jafnframt er tengt náminu Nordplus verkefni sem kannar kennslufræðilegar áskoranir fjölmenningskennslu en von er á kennurum frá Danmörku og Grænlandi í heimsókn í tengslum við það í apríl.

Fjarnám

Á vorönn 2021 voru 108 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á vorönn 2020 voru alls 108. Fjarkennarar á vorönn 2021 voru 48 og höfðu þeir allir kennt í fjarnáminu áður.

Á vorönn 2021 voru 556 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á vorönn 2021 var 145 nemendum fleiri en á vorönn 2020, þetta er rúm 35% fjölgun á milli ára.
- Af 556 nemendum vorannar 2021 voru 111 (20,0%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 445 (80,0%) komu annars staðar frá. Þetta hlutfall Verzlunarskólanemenda í fjarnámi er lægra en á vorönninni á undan en þá var það 23,6%.
- Af 556 nemendum vorannar 2021 voru 97 (17,5%) nemendur grunnskóla en á vorönn 2020 voru sambærilegar tölur 68 (16,5%).
- Af 556 nemendum vorannar 2021 voru konur 329 (59,2%) og karlar 302 (40,8%) en á vorönn 2020 var hlutfall kvenna 57,2% og karla 42,8%.
- Meðalaldur fjarnemenda á vorönn 2021 var 21,6 ár en þessi tala er hærra en á vorönninni á undan en þá var hún 20,8 ár.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á vorönn 2021 voru nemendur fæddir 2002 en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla þetta vorið. Vorið 2020 voru nemendur á þriðja ári í framhaldsskóla einnig (nemendur fæddir 2001) fjölmennasti árgangurinn.
- Að meðaltali tók hver nemandi 7,85 nýjar einingar á vorönn 2021, en sambærileg tala fyrir vorönn 2020 var 7,79 nýjar einingar.

Á sumarönn 2021 voru 101 áfangar kenndir. Áfangar á sumarönn 2020 voru 96. Fjarkennarar á sumarönn voru 49, allt þaulreyndir fjarkennarar.

Á sumarönn 2021 voru 694 nemendur skráðir í fjarnám, þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á sumarönn 2021 var 109 nemendum fleiri en á sumarönn 2020 og er það 18,6% fjölgun á milli ára.
- Af 694 nemendum sumarannar 2021 voru 97 (14,0%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 597 (86,0%) komu annars staðar frá. Á sumarönn 2020 voru 67 (11,5%) nemenda líka í dagskóla VÍ, og er það hlutfall mun lægra en á sumarönn 2021.
- Af þessum 694 nemendum sumarannar 2021 voru konur 396 (57,0%) og karlar 298 (43,0%). Samsvarandi tölur fyrir sumarönn 2020 eru mjög áþekkar, eða 56,6% konur og 43,4% karlar.

- Meðalaldur fjarnemenda á sumarönn 2021 var 20,6 ár en það er nánast sami meðalaldur og á sumarönn 2020 (20,7 ár).
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á sumarönn 2021 voru nemendur fæddir 2003 en þeir höfðu þá væntanlega lokið öðru ári í framhaldsskóla. Á sumarönn 2020 var árgangurinn 2002 fjölmennastur en þeir höfðu þá væntanlega einnig lokið öðru ári í framhaldsskóla.
- Að meðaltali tók hver nemandi 9,1 nýjar framhaldsskólæiningar á sumarönn 2021. Sambærileg tala fyrir sumarönn 2020 var 9,45 einingar.

Á haustönn 2021 voru 103 áfangar kenndir en fleiri áfangar voru í boði. Áfangar á haustönn 2020 voru alls 101. Fjarkennarar á haustönn 2021 voru 50 og af þeim voru 2 í hópi fjarkennara í fyrsta sinn.


Á haustönn 2021 voru 449 377 nemendur skráðir í fjarnám við Verzlunarskólann. Þegar þessi nemendahópur er skoðaður kemur í ljós að:

- Fjöldi nemenda á haustönn 2021 voru 72 nemendum fleiri en á haustönn 2020 og fjölgaði nemendum því um 19% á milli þessara ára.
- Af 449 nemendum haustannar 2021 voru 48 (10,7%) líka í dagskóla Verzlunarskólans, hinir 401 (89,3%) komu annars staðar frá. Á haustönn 2020 var fjöldi dagskólanemenda í fjarnámi 45 og það hlutfall þá var 11,9%, sem er hlutfallslega aðeins minni fjöldi en á haustönn 2021.
- Af 449 nemendum haustannar 2021 voru 79 (17,6%) nemendur grunnskóla, sem er hærra hlutfall en á haustönn 2020 því þá var þessi fjöldi 63 og 16,7% af heildarfjölda fjarnemenda.
- Af þessum 449 nemendum haustannar 2021 voru konur 256 (57,0%) og karlar 193 (43,0%) en á haustönn 2020 voru samsvarandi gildi 62,1% og 37,9%.
- Meðalaldur fjarnemenda á haustönn 2021 var 20,3 ár, en á haustönn 2020 var þessi tala 22,5 ár. Skýrist þessi munur án efa af hærra hlutfalli grunnskólanema á haustönn 2020.
- Fjölmennasti árgangurinn í fjarnáminu á haustönn 2020 voru nemendur fæddir 2003, en þeir nemendur voru væntanlega á þriðja ári í framhaldsskóla það haustið. Haustið 2020 voru einnig nemendur sem væntanlega voru á þriðja ári framhaldsskólans fjölmennasti árgangurinn (nemendur fæddir 2002).
- Hver nemandi tók að meðaltali 8,63 nýjar einingar á haustönn 2021 en sambærileg tala fyrir haustönn 2020 var sambærileg eða 8,75 nýjar einingar.

Hér má sjá tölur unnar úr gagnagrunni INNU varðandi fjarnemendur VÍ árið 2021.

| Önn - Fjarnám | Fjöldi nemenda á önn | Einingar per nemanda | Nemendur * einingar | Einingar til prófs | Arsnemendur skráðir | Arsnemendur í próf | % Mæting í próf |
|------------------------|----------------------|----------------------|---------------------|--------------------|---------------------|--------------------|-----------------|
| V21 | 556 | 7,85 | 4366 | 3343 | 72,77 | 55,72 | 76,57 |
| S21 | 694 | 9,07 | 6297 | 3985 | 104,95 | 66,42 | 63,28 |
| H21 | 449 | 8,63 | 3875 | 2649 | 64,58 | 44,15 | 68,36 |
| Alls fjarnám 20 | 1699 | 8,52 | 14538 | 9977 | 242,3 | 166,28 | 73,59 |

Og hér má sjá hvaða nemendur koma sem stunda fjarnám við Verzlunarskóla Íslands.



Fagnám verslunar og þjónustu

Á vorönn 2020 fór í gang fagnám verslunar og þjónustu fyrir starfandi verslunarfólk í samstarfi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námið er 90 einingar og er blanda af fjarnámi og vinnustaðnámi í fyrirtækjunum. Nemendum stendur til boða að fara í raunfærnimat hjá Mími þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum. Markmið námsins er meðal annars að nemendur auki þekkingu sína og færni á vinnustað, þjálfist í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og geti stýrt verkefnum í verslun í samræmi við skipulag og áætlanir. Námið skiptist upp í 2 lotur á önn og eru áfangar í boði ýmist 2 eða 3 framhaldsskólæiningar.



Hér má sjá tölulegar upplýsingar varðandi nemendur í Fagnámi verslunar og þjónustu. Tölurnar eru unnar upp úr gagnagrunni INNU.

| Önn - Fagnám | Fjöldi nemenda | Einingar per nemanda | Nemendur * einingar | Einingar til prófs | Ársmemundur á önn | Ársmemundur í próf | % Mæting í próf |
|------------------|----------------|----------------------|---------------------|--------------------|-------------------|--------------------|-----------------|
| V21-1 | 37 | 7,5 | 276 | 204 | 4,60 | 3,40 | 73,91 |
| V21-2 | 33 | 7,7 | 254 | 182 | 4,23 | 3,03 | 71,65 |
| S21-1 | 20 | 4,8 | 96 | 50 | 1,60 | 0,83 | 52,08 |
| H21-1 | 28 | 6,0 | 168 | 109 | 2,80 | 1,82 | 64,88 |
| H21-2 | 26 | 6,6 | 171 | 131 | 2,85 | 2,18 | 76,61 |
| Alls 2021 | 144 | 6,70 | 965 | 1790 | 16,08 | 29,83 | 60,48 |


Alls hafa því níu nemendur útskrifast frá skólanum með fagbréf í verslun og þjónustu og nokkrir þeirra eru enn við nám og stefna á stúdentspróf.

Árið 2021 í myndum og fyrrisögnum

22. des. 2021

Endurtektarpróf í janúar - seinkun

Vegna fjölda smita í samfélaginu og reglna um einangrun og sóttkvi hefur verið ákveðið að fresta endurtektarprófum til mánudagsins 10. janúar. Uppfærð profstafla er komin á heimasíðuna og er [hér að sjá hvern hvern](#)




19. des. 2021

Prófsýning, endurtektarpróf og upphaf næstu annar

- Birting einkunnna

Opnað verður á einkunnir nemenda í INNU þann 17. desember klukkan 19:00. Forráðamenn nemenda [sinnar og hvern hvern](#)




17. des. 2021

Útskrift

Föstudaginn 17. ágúst voru tveir nemendur útskrifaðir frá Verzlunarskóla Íslands

Hildur Þóra Magnúsdóttir


Fagpróf í verslun og þjónustu



17. des. 2021

Nordplus junior ferð til Helsinki


Þann 7-13. nóv síðastliðinn, héldu 8 nemendur á 2 ári á Viðskiptabraut ásamt tveimur kennurum, 1 ferð til Finnlands. Nemendur dvöldu á gistiheimili í miðborg Helsinki og tóku þátt í verkefnum [Gleyma þessum ferðunum](#)



5. des. 2021

Til hamingju!


Skólinn oskar landsliði stulka og blönduðu liði unglinga til hamingju með árangurinn en liðin stóðu sig afburða vel á Evrópu meistaramótinu í höpfi í leikum. Landsliðið stullina var í öðru sæti og [Íslandsk lið í höpfi](#)



1. des. 2021

Afgreiðslutími Bókasafns VÍ í jólaprófunum

Vegna próflestrar verður afgreiðslutími bókasafnsins frá 27. nóv. til og með 14. des. eftirfarandi:



28. nóv. 2021

Nemendur heimsóttu Grojec í Póllandi

Fjórir nemendur á 2. ári á alþjóðbraut fóru ásamt tveimur kennurum til bæjarins Grojec í Póllandi í síðustu viku. Vár ferðin farin á vegum Erasmus-nemendaskiptaáætlunarinnar sem er í boði Euronasambandsins. Væðla hefur verið orull!



25. nóv. 2021

Nemendur í starfsnámi

Nemendur í 3D eru nú að ljúka fyrri önninni af tveimur í starfsnámi, en þau eru fyrsti árgangurinn sem tekinn var inn á nýja stafræna viðskiptafræni skólans. Samstarfsfyrirtækin okkar í starfsnáminu eru Abu Nova, Sahara, Samkvíð og 64North.



20. nóv. 2021

Heimsókn í Seðlabanka Íslands

